

GJALDSKRÁ

vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa og skipulags- og byggingarnefndar Rangárþings eystra.

1. gr.

Fyrir byggingarleyfi skal greiða eftirfarandi gjöld:

1.1. Íbúðarhúsnæði:

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fókheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.	
Einbýlishús	67.200	
Parhús, tvíbýlishús eða raðhús á einni hæð	56.000	pr. íbúð
Raðhús á fleiri en einni hæð eða fjölbýlishús með þremur íbúðum	47.000	pr. íbúð
Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	40.300	pr. íbúð
Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum og fleiri	33.600	pr. íbúð

1.2. Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir:

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fókheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.	
Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama með íbúðum, gólfplötur allt að 500 fermetrar	67.200	
Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólfplötur stærri en 500 fermetrar	89.600	

1.3. Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar:

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fókheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.	
Frístundahús	56.000	
Smáhýsi allt að 25 m ² (aukahús við frístunda- og íbúðarhús)	28.000	
Sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla, útihús á lögbýlum og viðbyggingar allt að 20 m ²	28.000	
Viðbyggingar 20-100 fermetrar	39.200	

Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 fermetrar skulu vera þau sömu og byggingarleyfisgjöld af því húsnæði sem byggt er við.

2. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld:

Fyrir neðangreinda þjónustu/afgreiðslu ber að greiða eftirtalin gjöld:

	kr.
Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutunar, 2/3 hlutar staðfestingargjalds ganga upp í byggingarleyfisgjald	28.500
Afgreiðslugjald í skipulags- og byggingarnefnd	4.000
Hver endurskoðun aðaluppdráttá	6.000
Endurnýjun leyfis án breytinga	5.000
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	10.000
Vottorð vegna vínveitingaleyfa	10.000
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	6.000
Framkvæmdaleyfi	10.000
Fyrir grenndarkynningu	30.000
Fyrir breytingu á lóðarleigusamningi	20.000
Afgreiðsla á stofnskjali	3.500
Breyting á staðfestu aðalskipulagi	24.000

Vegna óska um breytingar á samþykktu deiliskipulagi sveitarfélagsins: Viðkomandi hagsmunaaðili sjái um breytingarnar á sinn kostnað eða greiði þann kostnað sem af hlýst, þó að undanskildum auglýsingakostnaði.

3. gr.

Sveitarstjórn Rangárbings eystra er heimilt að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997, enda nemi þau hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

4. gr.

Breytingar á fjárhæð gjalda:

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2005 og breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni. Byggingarvísitala í janúar 2005 er 304,7 stig.

Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í 53. gr. laga nr. 73/1997 og öðlast gildi við birtingu.

Samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings eystra, 13. janúar 2005.

Ágúst Ingi Ólafsson sveitarstjóri.